

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skoðun ökutækja nr. 378/1998 með síðari breytingum.

1. gr.

Við liðinn „Skoðunarhandbók“ í 1. gr. bætist:

Í skoðunarhandbók eru verklagsreglur fyrir skoðunarstofur til leiðbeiningar um hvernig meta skuli hvort ástand og búnaður skoðunarskylds ökutækis sé í samræmi við kröfur þar að lútandi sem fram koma í umferðarlögum og reglugerðum byggðum á þeim.

2. gr.

18. gr. breytist þannig:

Í stað „ráðuneytið“ í 2. mgr. kemur: Umferðarstofa.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 60. og 67. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993 öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 16. febrúar 2007.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.